

## Fundargerð 24. fundar ferðamálaráðs – 9. jan. 2009

Fundurinn haldinn í iðnaðarráðuneytinu föstudaginn 9. janúar 2009, kl. 8.30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Einar Karl Haraldsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Pétur Rafnsson, Sævar Skaptason, og áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Dagur B. Eggertsson og Gunnar Sigurðsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Framhald umræðna um hugmyndir ferðamálastjóra um áherslur í markaðsstarfi.
3. Promote Iceland - fréttir af stöðunni.
4. Fjárlög 2009.
5. Hvalveiðar Íslendinga.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð 23. fundar samþykkt.

2. Áherslur í markaðsstarfi. ÓÝA gerði grein fyrir því að málið væri á viðkvæmu stigi og ekki fyrr en í lok mánaðarins sem hægt yrði að koma með nákvæmari upplýsingar um breytingar á starfsemi Ferðamálastofu. Ráðsmenn voru sammála um nauðsyn þess að láta „peningana vinna“ strax þó að aðferðir séu til endurskoðunar enda séu næstu þrjú mánuðir ferðaþjónustunni gríðarlega mikilvægir. Skipst var á skoðunum um ávinning og framhald Iceland Naturally í Evrópu og voru fundarmenn sammála um að verkefnið þyrfti að endurskoða. HMB taldi þetta ekki rétta tímamóð til að slá verkefnið af. Ákveðið var að halda aukafund í ferðamálaráði þegar markaðsáætlun Ferðamálastofu fyrir árið 2009 lægi fyrir og tillaga um fyrirkomulag samstarfsverkefna í markaðsmálum í Evrópu.

3. Promote Iceland. EKH lagði fram drög að mögulegu skipuriti fyrir „Kynningarstofu Íslands“ sem heyra myndi undir utanríkisráðuneytið og skýrði einnig frá hugmynd um hækkun markaðsgjalds sem breytt Útflutningsráð yrði fjármagnað með. Var þessum hugmyndum almennt vel tekið af ráðsmönnum. - Ákveðið var að þrjú fulltrúar í ferðamálaráði, SK, EKH og einn frá SAF yrðu í undirbúningshópi f.h. iðnaðarráðuneytis ásamt ferðamálastjóra, sem hefði það hlutverk að þróa hugmyndir og útfærslu áfram í samvinnu við utanríkisráðuneytið.

4. Fjárlög 2009. HH fór yfir fjárveitingar til ferðamála í gegnum iðnaðarráðuneyti, Ferðamálastofu og fjárveitinganefnd auk þess viðbótarfjár sem fengist hefur af

byggðaaáætlun. Ráðsmenn fögnuðu þeim árangri sem náðst hefur við erfiðar aðstæður.

5. Hvalveiðar Íslendinga. Frestað.

6. Önnur mál. Á næsta fundi verði hugmyndir um framtíð lanshlutamiðstöðva kynntar og gerð grein fyrir þeim verkefnum sem ráðist var í fyrir 50 millj. aukamarkaðsfé 2008.

Fundi slitið kl. 10. Næsti fundur boðaður í lok janúar.